

# Fréttapistill frá forseta Íslands

22. febrúar 2021

Í nýliðinni viku sendi ég Íslendingum í útlöndum kveðju. Þau eru mörg sem hafa ekki getað haldið heim síðustu misseri eða fengið ættingja í heimsókn. Enn er nokkuð í að við getum ferðast milli landa án þeirra takmarkana sem beitt hefur verið til að hefta útbreiðslu veirunnar. Bólusetningar vekja bjartsýni en áfram skulum við sinna eigin sóttvörnum eftir bestu getu. Óvíða hefur barátta gegn vágestinum gengið eins vel og hér á Íslandi. Það má mikið til þakka því að fólkið í landinu hefur staðið saman og notið góðra ráða sérfræðinga og stjórnvalda. Væntanlega verður óhætt að slaka senn á vörnum hér innanlands en tryggja um leið að vágsturinn berist ekki með farþegum að utan.

Kveðjuna má sjá hér: <https://www.forseti.is/fréttir/2021-02-19-kveðja-til-íslendinga-erlendis/>. Í henni vitna ég í upphafsorð Stephans G. Stephanssonar úr Íslendingadagsræðu hans frá árinu 1904:

Þó[tt] þú langförull legðir  
sérhvert land undir fót  
bera hugur og hjarta  
samt þíns heimalands mót.

Öll erum við væntanlega sammála um mikilvægi lestrar í uppeldi og menntun barna landsins. Fyrir í þessum mánuði var blásið til mikils lestrarátaks í Njarðvíkurskóla og þótti mér vænt um að geta lagt því lið. Ég hvatti nemendur skólans til dáða, las líka nokkrar sögur og hægt er að hlusta á upplesturinn hér:

<https://www.forseti.is/fréttir/2021-02-16-lestrarátak-njarðvíkurskóla/>

Á þriðjudaginn var lagði ég leið mína í Borgarholtsskóla í Reykjavík. Ég spjallaði við nemendur og fræddist um hið fjölbreytta og öflugna nám sem þar fer fram. Þá ræddi ég við starfsfólkið sem skarst í leikinn þegar til harðra átaka kom í skólanum í byrjun þessa árs og þakkaði þann góða atbeina. Hér ítreka ég þakkir fyrir góðar móttökur í Borgó og óska nemendum og starfslíði alls velfarnaðar.

Á laugardaginn var afhenti ég Íslensku þýðingaverðlaunin við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini. Guðrún Hannesdóttir var sæmd þessum heiðri fyrir þýðingu sína á verkinu Dyrnar eftir Magda Szabó frá Ungverjalandi. Dimma gaf út. Bandalag þýðenda og túlka stendur að verðlaununum, með stuðningi Rithöfundasambands Íslands og Félags íslenskra bókaútgefenda. Ég flutti stutt ávarp við þetta tilefni og minnti þar á mikilvægi þýðinga, ekki aðeins í heimi bókarinnar heldur einnig í myndrænni miðlun. Þar þurfum við líka textun og talsetningu á góðri íslensku og nú er að vona að ráðamenn Disney-samsteypunnar taki við sér og veiti aðgang að slíku efni, enda er það þegar í fórum þeirra. Þeim er það auðvelt og okkur nauðsynlegt.

Fleiri fregnir af viðburðum liðinnar viku má sjá á heimasíðu forsetaembættisins, [www.forseti.is](http://www.forseti.is), og þar er nú einnig unnt að fylgjast með tístum mínum og færslum á fésbók.

Í amstri dagsins getur stundum verið snúið að greina milli þess sem hverfur í gleyskunnar dá og hins sem teljast mun til stórtíðinda þegar fram í sækir. Samt segir mér svo hugur að 19. febrúar 2021 verði álitinn merkur dagur í sögu geimkönnunar. Þá lenti rannsóknajepinn Þrautseigja á mars, eftir rúmlega hálfis árs ferðalag frá jörðu um tæplega 500 milljón kílómetra leið. Undanfarin ár hafa vísindamenn frá bandarísku geimvísindastofnuninni NASA og fleiri stöðum stundað ýmiss konar rannsóknir hér á landi í tengslum við könnunarferðir til Mars. Mér finnst gott að vita til þess að við getum komið að gagni hér á landi á þessum vettvangi. Vísindin efla alla dáð.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.